

# Hverfisráð Hríseyjar

## aðalfundur

### 109. fundur

Miðvikudaginn 07. júní 2017 kl 16:00 var haldinn 109. fundur - aðalfundur hverfisráðs í Hlein.

Mættir voru: Þorgeir Jónsson, Pétur Ásgeir Steinþórsson, Claudia Werdecker og 35 fundargestir.

Þorgeir Jónsson, formaður hverfisráðs, setur fund. Jónas Vigfússon var kosinn fundarstjóri.

### Fundargerð:

#### 1. Skýrsla hverfisráðs

Claudia Werdecker ritari las skýrslu hverfisráðs og fór yfir það sem hverfisráð Hríseyjar hefur verið að gera á þessu starfsári.

#### 2. Kynning bæjarstjóra

Þessi liður féll niður þar sem bæjarstjóri komst ekki á fundinn vegna veikinda.

#### 3. Flokkun úrgangs

Formaður hverfisráðs benti á að flokkun úrgangs sé ábótavant, og fólk í Hrísey sé ekki að vanda sig að flokka rétt. Möguleiki til að bæta flokkun úrgangs væri að setja kynningarefni í sumarhúsin. Þyrfti kynningarefnið að vera bæði á íslensku og á ensku. Flokkunarstöðin er að verða tilbúin.

#### 4. Austurvegur

Bent er á að það hefur verið lengi á dagskrá að laga Austurveg, en ekkert að gerast í þessum málum. Aftur og aftur sé frestað að laga veginn.

Nefnir íbúi í þessu samhengi að stjórnámálamenn séu ekki nógu trúverðugir því lítið væri gert af því sem beðið væri um. Sömu verkefni væru rædd ár eftir ár og ekkert gert, sem leiðir að lokum til þess að fólk hætti að hafa trú á verkefnunum.

#### 5. Brothættar byggðir

Nokkrir íbúar nefna að verkefnið brothættar byggðir sé að gerast alltof hægt og of lítið fjármagn sé úthlutað. Ekki eru allir sáttir við byggðakvótann, og er bent á að það væri æskilegt ef fiskurinn yrði unninn meira í eyjunni, þannig að fleiri störf væru sköpuð. Eigandi harðfisksverkunar í eyjunni telur að endurskoða þurfi verklagið er varðar byggðarkvótann. Verkefnastjóri brothættra byggða í Hrísey útskýrði að verkefnið sé jú hægvirkt, en ekkert sambærilegt verkefni hafi verið til hingað til. Útskýrði verkefnastjóri að stærsta innleggið í verkefnið væri byggðavkótinn, en að það þyrfti að kynna verkefnið betur innan sveitafélagsins, bæði fyrir íbúum og starfsfólki. Í þessu samhengi benti íbúi Hríseyjar á að það sé ákveðin uppgjöf í Hríseyingum. Það vantar eitthvað uppbyggjandi fyrir samfélagið.

## 6. Bryggjan á Árskógssandi og aðstöðuhúsið

Bent er á að það sé aðstöðuleysi við höfnina á Sandinum. Aðstöðuhúsið myndi nýtast mun betur ef það stæði beint við bryggjuna. Formaður hverfisráðs telur að húsið þyrfti að vera mun stærra. Íbúi spyr hvort það hefði yfirleitt mátt taka húsið í notkun, því aðgengi fyrir hreyfihamlaða er ábótavant. Ekki er hægt að loka salernishurð þegar hjólastólanotandi er í salernisrýminu, og auk þess vantar armstöðir.

Einnig þyrfti að bæta ferjubryggjuna á Árskógssandi.

## 7. Vegrið við Hjallaveg

Formaður hverfisráðs telur vera til háborinnar skammar að það sé ekki enn komið vegrið við Hjallaveg. Nokkrir bæta við að það þyrfti að koma í gang framkvæmdum sem allra fyrst.

## 8. Kosning í hverfisráð

Pétur Ásgeir Steinþórsson gefur einungis kost á sér sem varamaður. Rósamunda Káradóttir og Smári Thorarensen gefa ekki kost á sér áfram.

Í nýja stjórn hverfisráðs eru kosin í leynilegri kosningu:

Porgeir Jónsson  
Kristinn Frímann Árnason  
Claudia Werdecker

Kosnir eru sem varamenn:

Hermann Jón Erlingsson  
Friðrik Úlfar Ingimarsson  
Pétur Ásgeir Steinþórsson

## 9. Önnur mál

Bent er á að það þyrfti að koma Hlein í rekstur og búa þannig til störf.

Það þyrfti að setja hraðahindranir norðanmegin á Norðurveg. Fólk sé að keyra þar á vinnuvélum á miklum hraða. Börn eru á leik á þessu svæði.

Formaður hverfisráðs bendir á það þurfi að bæta umferðarmenningu í eyjunni. Fólk sé að keyra á götum á óskráðum farartækjum og öryggi barna í farartækjunum oft ekki tryggt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 18:10.

Porgeir Jónsson  
Pétur Ásgeir Steinþórsson  
Claudia Werdecker

Fundargerð rituð af Claudiu Werdecker.